



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn um áætlanir um byggingu nýrra hjúkrunarrýma í Reykjavík*

Þann 16. júní 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

„Liggur fyrir hversu mörg hjúkrunarrými verða byggð á þeim svæðum sem eru í uppbyggingu eða fara brátt í uppbyggingu, t.d. í Vogunum, á Ártúnshöfða, við Guðfunes, í Keldnalandi o.s.frv.? Nú má gera ráð fyrir því að þörf verði á umtalsvert fleiri hjúkrunarrýmum eftir fáein ár þegar sögulega stórir árgangar nálgast áttræðisaldur. Hvað er áætlað að byggð verði mörg ný hjúkrunarrými í Reykjavík á næstu árum? Hve langt fram í tímann ná gildandi áætlanir?“

Svar:

Fyrir liggur áætlun um allt að 344 hjúkrunarrými í Reykjavík. Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða því staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Ártúnshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verklegar framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023.

Uppfærð húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar var síðast lögð fyrir borgarráð 29. október 2020. Þetta var sjötta útgáfa húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar en fyrsta útgáfa var samþykkt í borgarstjórn 6. júní 2017. Þar er sett fram á einum stað greining á stöðu húsnæðismála og veitt yfirlit yfir aðgerðir borgarinnar í húsnæðismálum. Þar kemur fram að á árinu 2020 er stefnt að því að fyrir liggi samkomulag og samningur um byggingu tveggja hjúkrunarheimila með allt að 300 hjúkrunarrými, sem áætlað er að byggja 2022-2025.